



27. febrúar 2023

Tilv.: 2210107

Dreifibréf númer: 5/2023

til viðskiptabanka, sparisjóða og Samtaka fjármálafyrirtækja.

Efni: Uppfærð drög að reglum um staðlað framsetningarform fyrir gjaldayfirlit og gjaldskrá og staðlaða hugtakanotkun yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út nýtt umræðuskjal nr. 1/2023 sem inniheldur uppfærð drög að reglum sem koma til með að innleiða tilteknar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru með stoð í tilskipun 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014, um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (PAD-tilskipunin). Frumvarp til nýrra laga um greiðslureikninga, sem kemur til með að innleiða PAD-tilskipunina hefur nú verið samþykkt á Alþingi, sbr. [166. mál](#), með fyrirhugaðri gildistöku frá 1. mars 2023. Fyrirhugað er að reglurnar verði settar með stoð í 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. þeirra laga og taki gildi fljótlega eftir gildistöku laganna.

Reglurnar munu innleiða reglugerðir (ESB) 2018/32, 2018/33 og 2018/34 sem kveða nánar á um framsetningarform fyrir gjaldskrá og sameiginlegt tákn þess, staðlaða hugtakanotkun Evrópusambandsins yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum og staðlað framsetningarform fyrir gjaldayfirlit og sameiginlegt tákn þess, sbr. skyldur sem lagðar eru á greiðsluþjónustuveitendur skv. 3. og 4. gr. fyrirhugaðra laga um greiðslureikninga.

Reglurnar hafa áður verið sendar í umræðuferli 11. nóvember sl. og hafa verið uppfærðar m.t.t. athugasemda sem bárust í því ferli. Viðbæturnar felast í nýrri málsgrein sem bætt hefur verið við lok 2. gr. regnanna þess efnis að gjaldskrá skuli taka mið af lokaskrá sem tilgreinir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum og birt er í viðauka við reglurnar. Þar sem ákveðið hefur verið að nýta heimild samkvæmt gerðunum til að bæta við gjaldaliðum í lokaskrá telur fjármálaeftirlitið rétt að gefa aðilum aftur kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þá einkum m.t.t. hugtakanotkunar og gjaldaliða í lokaskrá/hugtakaalista. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 10. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á tölvupóstfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir  
frankvæmdastjóri  
viðskiptaháttaeftirlit

Alma Jónsdóttir  
lögfræðingur  
viðskiptaháttaeftirlit

